

**Nð. 531. Tillaga til þingsályktunar**

um auknar strandvarnir við Vestmannaeyjar.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þar til hæfan vélbát halda uppi strandvörnum að staðaldri á heimamiðum við Vestmannaeyjar frá vetrarvertíðarlokum til ársloka ár hvert.

**Á s t æ ð u r .**

Venjan hefir verið sú hin síðustu undanfarin ár, að gæzla landhelginnar hefir svo að segja fallið niður í vertíðarlok, þegar Þór hefir látið af gæzlunni. Á síldveiðatímanum verður eins og eðlilegt er að heina landhelgisgæzlunni að Norðurlandinu. Þetta gæzluleysi allt sumarið og haustið við Vestmannaeyjar og suðurströndina hefir orðið til þess, að fiskimið Vestmannaeyinga hafa verið mjög ásótt af erlendum botnvörpungum að sumri og hausti til. Af þessum sökum hefir það hvað eftir annað komið fyrir, að aflabrögðum þeirra, sem stunda sjó á heimamiðum, hefir verið alveg spillt af hotnvörpungum þessum.

Síðan dragnótaveiðar hófust við Eyjar hefir það enn betur komið í ljós, hversu skaðleg áhrif landhelgisveiðar togaranna hafa fyrir veiði heimamanna. Dragnótaveiðarnar hafa verið stundaðar með góðum árangri síðastliðin 3 sumur, en botnvörpungarnir sækjast eftir að veiða á sömu slóðum og dragnótabátarnir, eða þar, sem sandbotn er, og hefir þetta oft orðið til tjóns fyrir þessi aflabrögð Vestmannaeyinga, en þau eru orðin töluvert mikilsverður þáttur í atvinnulífi eyjabúa.

Eftirlitsleysið með landhelginni á þessum slóðum dregur stórlega úr þeim arði, sem fiskimenn við Vestmannaeyjar gætu annars haft af sumar- og haustveiðum, og er brýn nauðsyn að ráða bót á því með auknu eftirliti.